

## Skólaráðsfundur

<b>FUNDARGERÐ</b>	Tílefni fundar		
	Fjórði fundur skólaársins, sjá fundardagskrá		
Dags. fundar 26. janúar 2012	Tími 08:10 – 09:30	Staður Skrifstofa skólustjóra, Hjalla	Nr. fundar 4
Fundarboðandi Sigrún B.	Fundarritari Brynja Dís	Fundarstjóri Sigrún B.	Fj. bls. 1

### Boðaðir voru:

Sigrún Bjarnadóttir skólustjóri, Anna Guðný Björnsdóttir húsvörður, Rúna Björk Þorsteinsdóttir kennari, Eiríkur Ólafsson kennari, Bolli Magnússon nemendafulltrúi, Baldur Freyr Hilmarsson nemendafulltrúi, Ragnheiður Bóasdóttir foreldrafulltrúi, Særún Sigurjónsdóttir foreldrafulltrúi, og Össur Geirsson grenndarfulltrúi,  
Gestir fundarins voru: Jón Ingi Guðmundsson deildarstjóri hjá Kópavogsbæ, og Hólmfríður Þorsteinsdóttir umhverfisfulltrúi

### Mættir voru:

Allir boðaðir.

### Málefni fundar:

1. Umferðaröryggismál
2. Önnur mál

Málefni	Niðurstaða
1. Umferðaröryggismál	<p>Hólmfríður kynnti starf umhverfisnefndar og bað skólaráðið um að leggja fram tillögur að úrbótum.</p> <p>Umferðin hefur breyst mikið eftir sameiningu, stærra hverfi og börn keyrð þar sem lengra er í skóla. Í sameiningunni töldu menn að göngustígurinn meðfram kirkjunni yrði mest notaður, í dag er það Álfhólsvegurinn.</p> <p>Peningar sem áttu að koma með sameiningunni komu ekki, var ekki hægt að setja upp gönguljós.</p> <p><b>Mokstur:</b> Mjög illa hefur verið mokað á gatnamótum Álfhólsvegar og Þverbrekku, hefur skapað hættu og þar hafa næstum orðið slys, tvisvar á börnum og einu sinni á skólaliða.</p> <p>Mokstur á gangbrautum: Ábótavant í skólahverfinu, mikill munur á þessu hverfi og t.d. Lindarhverfi, helgast etv. af því að hverfið þar er nýrra með breiðari stíga. Mokstur göngustíga er skipulagður frá skólunum og út frá þeim.</p> <p><b>Lýsing:</b> Mjög oft ábótavant. Ef það fer þetta þá líður oft mjög langur tími þangað til hún er endurnýjuð. Orkuveita Reykjavíkur á að sjá um viðhald. Tengiliður við Rvk.borg er Hilmar. Jón Ingi mun láta skólann fá nafn, síma og netfang hans til að skólinn geti verið með beinst samband við hann.</p> <p><b>Strætó:</b> Verið er að mynda nýjan starfshóp um strætó, verið að skoða endurbætur með hagsmunaðilum.</p> <p><b>Reiðhjól:</b> Verið er að mynda hjólreiðaáætlun. Hjólreiðastígar verða settir í forgang í snjómokstri eins og bílagötur.</p> <p><b>Bílaumferð:</b> Nú er álag á bílaumferð við Digranes, foreldrar yngri barna keyra þau frekar í skólann. Möguleiki að endurhanna aðkomu að skólanum á bak við skólann þar sem byggingar voru losaðar í fyrra, útbúa þar hringtorg.</p> <p>Brattabrekka og Hjallabrekkar: Mjög hættulega þröngar götur og hættulegur hraðakstur bíla á þessum götum.</p> <p>Foreldrafélag skólans hefur farið yfir umferðarmálin og eru með punkta sem verður komið til umhverfisfulltrúa.</p> <p><b>Forgangsmál:</b> Lýsingin við Engihjalla</p> <p>Betra að laga stíginn við kirkjuna til að auka umferð nemenda þar og minnka hana við Álfhólsveginn.</p> <p>Greiðslur til skólaliða vegna gangbrautarvörslu: Ekki eðlilegt að skólinn beri einn</p>

# Álfhólsskóli

	<p>kostnað af því, er launað í yfirvinnu. Er reynt að taka tillit til þess í fjárhagsuppgjöri, var gert í fyrra og ekki ástæða til að óttast að það verði ekki gert í ár.</p> <p><b>Digranes:</b> Hitalögn við aðalinnganginn er biluð og hefur orsakað alvarlegt slys.</p> <p><b>Söndun á skólalóð:</b> Þegar kallað er eftir því að skólalalóðin sé sönduð, þá hefur bíllinn keyrt hring og látið það duga, alls ekki boðlegt því að stór hluti skólalóðarinnar er ósandaður á eftir. Hefur orðið til þess að nemendum er haldið inni þegar hálfan er hættuleg á skólalóðinni.</p> <p><b>Heimasíða: us.is</b> – þar er slysakort og hægt að sjá öll slys sem orðið hafa í hverfinu í samanburði við aðra staði í borginni.</p>
Könnun um ferðavenjur nemenda	<p>Könnun 2010-11 skoðuð. Mestur akstur í Álfhólsskóla – skýring: Var send aðvörðun skömmu áður en könnunin var gerð vegna barnaperra sem var að bjóða börnum far. Hefur örugglega haft áhrif, akstur stórkjóst í kjölfarið vegna ótta foreldra.</p>
Önnur mál:	<p><b>1. Skólapeysur:</b> Nemendaráð er að hanna peysur og mun efna til samkeppni um bestu niðurstöðuna með nafnlausum tillögum. Ábending: að halda sig við liti og snið frá framleiðanda og setja vinnu í texta og lógó.</p> <p><b>2. Útskriftaferð:</b></p> <p>3. Tillaga frá skólastjóra: Að nemendur í 10. bekk fari út í frímínútum í grænum vestum og verði með yngri börnunum og fái ferðastyrk í útskriftarferðina sem laun, rútan, einstaklingsstýrkur, nemendur fá niðurgreitt á einstaklingsbasis. Hefur verið nýtt í lífsleikni í Hjallaskóla og nemendur fengu þá einkunn fyrir. Annað hvort verður nemendum boðið upp á að gera þetta, fer á eftir áhuga eða að skólin skikkar. Verður ein vika á útivakt á nemanda.</p> <p><b>4. Viðhaldspeningar:</b> Voru settar 500.000 kr. í viðhald á sófa á síðasta ári. Sigrún er tilbúin að setja 500.000 krónur í eitthvað sem nemendur óska eftir í staðinn fyrir að setja þennan pening í viðhald. Hefur verið betur gengið um í vetur en í fyrra. Þyðhokkiborðið: þurfti að gera við það fyrir um 130.000 fyrir um mánuði síðan.</p> <p><b>5. Útigæsla:</b> Foreldrafélagið hefur áhyggjur af gæslu úti. Sigrún: Gæsla var aukin í Hjalla í byrjun desember. Alltaf 3 og stundum 4 úti í einu. Þyrftu að vera alltaf 4. Í Digranesi koma stuðningsfulltrúar út í frímínútum. Þar eru allir nemendur úti í morgunfrímínútum og 2 og 2 árgangar saman í hádegisfrímínútum. Meiri kvartanir vegna lítillar útigæslu í Hjalla en Digranesi og miklar kvartanir fyrir áramót.</p> <p><b>6. Hádegismatur:</b> Hjalli: Hefur gengið mun betur eftir að gæsla var aukin og verðlaun skapa metnað hjá nemendum.</p> <p><b>7. Stefnumótun:</b> Áhugi fyrir því að taka stefnumótun með foreldrum og starfsfólki og fá Gylfa Dalmann með okkur. Laugardagurinn 14. apríl hefur verið valinn. Á eftir að bera upp tillögu á kennarafundi varðandi laugardaginn, t.d. að kennarar vinni af sér einn starfsdag í vor og komi á laugardegi.</p>